


LAXA í REFASVEIT 1990

TUMI TÓMASSON

Hólum apríl 1991

VMST-N/91002X

VEIÐIMÁLASTOFNUN  
Norðurlandsdeild



VEIÐIMÁLASTOFNUN  
Norðurlandsdeild

LAXA Í REFASVEIT 1990

TUMI TÓMASSON

Hólmum apríl 1991

VMST-N/91002X\_

VEIÐIMÁLASTOFNUN  
*Bókasafn*



VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD  
Hólmum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

## LAXA I REFASVEIT 1990

### INNGANGUR

Seiðastofnar Laxár voru kannaðir dagana 18. og 31. ágúst. Að þessu sinni var veitt á 10 stöðum. Til að gera samanburð milli ára raunhæfan er veitt á sömum stöðum og áður, þótt ekki sé endilega veitt á öllum fyrri stöðum á hverju ári. Aðstæður til rafveiða voru góðar þá daga sem könnunin var gerð.

Veiðin s.l. sumar varð góð og tiltölulega mun betri en í nærliggjandi ám. Svo vel vill til að einnig voru tekin óvenju mörg hreystursýni (35) þannig að það er hægt að áætla um uppruna þeirra laxa sem veiddust.

Það hefur aðeins verið rætt um að reyna að koma til öflugum sjóbleikjustofni í Laxá og mun ég fjalla sérstaklega um það í þessari skyrslu.

### NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflu 1 og á Mynd 2. Yfirlit yfir staðsetningu veiðistaða er á korti (Mynd 1).

Vorgömum laxaseiði af náttúrukaki fundust einungis á stað 12, sem er neðsti rafveiðistaðurinn í Laxá. Þessi staður er á gryttu broti nálægt veiðistaðnum "Krumma".

Argangurinn sem klaktist úr vorið 1989 (1+) er almennt ryr einkum um miðbik árinnar. Hinsvegar var þéttleiki stærri/-eldri seiða fullnægjandi.

Niðurstöður hreistursgreiningarinnar eru teknar saman í Töflu 2. Svo virtist sem stór hluti smálaxanna væri fiskur sem sloppið hafði úr eldi. Til öryggis fékk ég fiskifræðinga í Reykjavík til að greina hreistrin líka en þeir eru vanir að greina eldislax úr ánum á S.V.landí.

Sá lax sem greinist með tveggja ára ferskvatnsaldur á að líkindum uppruna sinn í smáseiðasleppingum undanfarandi ára, og það á líklega einnig við um einn eða two smálaxa með þriggja ára ferskvatnsdvöli.

### UMRÆDA OG ALYKTANIR

I rafveiðunum 1989 fundust, eins og nú, einungis vorgömum seiði á neðsta staðnum, stað 12. Þessi seiði voru þá mjög smá, og þegar svo er má búast við meiri afföllum en venjulega milli ára. Magn 1+ seiða í rafveiðunum nú og útbreiðsla bendir eindregið til að þessi árgangur sé fáliðaður.

Það þyrfti þó ekki að koma að sök, því mikið fannst af 2+ seiðum, og verði næsti árgangur eðlilegur gæti þetta jafnvel verið til bóta. Árgangurinn sem klaktist út vorið 1990 (0+) hefur ekki verið búinn að dreifa sér um ána Þegar rafveiðarnar fóru fram, og því er ekki hægt að fullyrða neitt um styrkleika hans á þessu stigi. Hinsvegar þykir mér líklegt að hann verði einnig slakur og tel því ástæðu til að grípa inn í með smáseiðasleppingum 1991.

Nú er nóg af laxaseiðum í neðri hluta Norðurár og þar er líklega um að ræða einhverja blöndu af náttúrulegum seiðum og sleppiseiðum á ymsum aldri. Það ber að líta á skiptingu veiðinnar í aldurshópa á Mynd 2 og í Töflu 1 meira sem tillögu en heilagan sannleika. Seiðabéttleiki er orðinn of mikill miðað við framleiðslugetu árinnar á þessum kafla og þetta kemur fram í að vöxtur jafngamalla seiða er mjög misjafn og mismunandi árgangar koma því ekki skyrt fram í lengdardreifingunni.

Smáseiðasleppingar hafa verið fastur liður í ræktunarstarfi undanfarandi ára og niðurstöður rafveiða jafnt sem hreistursgreiningar af fullorðnum laxi benda ótvírætt til mikilvægi seiðasleppinga fyrir laxveiðina í Laxá. Ekki er annað að sjá en að vel hafi verið staðið að sleppingunni í Núpshólunum 1990. Mikill fjöldi sleppiseiða sem voru þar fyrir, einkum neðantil, hafa þó rýrt árangurinn. Sleppiseiðin frá 1990 voru að vísu farin að aðlaga sig ánni, en voru ekki eins pattaraleg og oft áður. Eldri seiði voru hinsvegar mjög vel á sig komin. Eftir því sem seiðin stækka vex fæðubörfin mjög örth. Hannig er fæðubörf 9 cm seiðis meir en tvísvar sinnum meiri en fæðubörf 7 cm seiðis. Eg tel því að árangur sleppinga í Núpshólana verði best tryggður ef ekki yrði sleppt þar seiðum 1991.

Sleppiseiðin fram í Norðurá hafa dafnað vel og munu væntanlega ganga til sjávar á næstu tveimur vorum. Þar mætti bæta á garðann næsta sumar.

Greining hreistursyna gefur til kynna að um þriðjungur veiddra smálaxa séu flökkufiskar sem sloppið hafa úr eldi. Það bar þó nokkuð á sílikum eldislaxi í norðlenskum ám s.l. sumar. Hinsvegar virðist þessi lax hafa leitað í ríkari mæli upp í Laxá en aðrar nærliggjandi ár, hvað svo sem því kann að valda. Það er alls óvist að stórlaxaveiði næsta sumar muni samsvara smálaxaveiðinni s.l. sumar, þótt ekki sé nein sérstök ástæða til svartsyni.

Síðan laxastigarnir voru byggðir hefur landnám laksins gengið fremur hægt, þrátt fyrir að viða séu uppeldisskilyrði góð fyrir ofan stiga, og þrátt fyrir að smáseiðum hefur verið sleppt viða, mikið og titt. Hvað veldur þessu er ekki fyllilega ljóst, en þó er hætt við að áin sé a.m.k. í sumum árum of köld til að geta komið upp eigin klaki. Seiðin sem klekjast úr hrogní í köldum sumrum lifa ekki af fyrsta veturinn í ánni.

Að slikt geti gerst staðfesta rafveiðar í Laxá í Skefilstaðahreppi, sem um margt er mjög lík Laxá í Refasveit. Fyrir framan laxastigan eru einnig stór svæði sem ekki henta til uppeldis á laxi því botngerðin er of finn. Þetta eru einkum svæðin í Norðurá, frá Þverá og niður undir veiðistað 15a (Mynd 1), og í Laxá fyrir framan Núphólana. Þessi svæði henta hinsvegar vel til bleikjuppeldis.

I Laxá er núna frekar litill stofn af staðbundinni bleikju. Hinsvegar eru sjóbleikjur afar sjaldséðar enda sjálfsagt lítið göngueðli eftir í þeirri bleikju sem í ánni er eftir árhundraða gönguhindrun fyrir þær bleikjur sem hafa gengið til sjávar.

Eg tel liklegt að smám saman muni byggjast upp sjóbleikju-stofn í Laxá og Norðurá, en slikt mun þó tæpast gerast nema á löngum tíma. Eg tel að með tilkomu sjóbleikju verði aðallega um að ræða viðbót við þá veiði sem nú er í Laxá, en þó er viss hætta á að verði tiðarfari kalt um eitt hvert árabil að hún geti tekið yfir svæði þar sem laxinn er nú ríkjandi. Þó er hægt að grípa inn í slika þróun ef áfram er fylgst með ástandi seiðastofna.

Eg tel það tilraunarinnar virði að reyna að flyta fyrir landnámi sjóbleikju í Laxá með seiðasleppingum næstu 4-5 árin. Best væri að fá foreldra úr nærliggjandi á t.d. Laxá í Skefilstaðahreppi og sleppa u.p.b. 7000 seiðum árlega framantil í Laxá og Norðurá. Eg myndi ætla að slepping 1992 fari út 1994 og að kynþroska sjóbleikjur úr þeirri sleppingu myndu hrygna í fyrsta skipti 1996.

Sjóbleikjurækt hefur mér vitanlega ekki verið reynd fyrr á þennan hátt en sleppningar sjögönguseiða hafa verið reyndar á Suðurlandi og virðast gefast sәmilega vel. Það er þó ekki hægt að spá með neinni vissu um árangur slikra aðgerða í Laxá en ég myndi hafa væntingar um að árleg sjóbleikjuveiði gæti fyrir rest orðið einhver hundruð ef allt fer á besta veg.

Kostnaðardæmið gæti lítið þannig út:

7000 seiði á 20 kr	140 000
Flutningur, sleppningar og eftirlit	60 000
Virðisaukaskattur 25%	50 000

Þessi kostnaður yrði árlega næstu 4-5 árin, ef athuganir benda til að sleppningar væru árangursríkar. Síðan væri mögulegt að selja veiðileyfi á "silungsvæði" væntanlega í um það bil 40 daga eða svo seinnipart sumars í Norðurá, og einatvær í Laxá, en þó tæplega fyrr en eftir 5-6 ár. Framtíðartekjur gætu því orðið 80-120 bleikjustangardagar.

Það mætti líka hugsa sér að fara varlegar af stað og prófa sleppningar þá annaðhvort í Laxá eða Norðurá. Sjálfum finnst mér þetta geta orðið spennandi tilraun sem á fyllilega rétt á sér.

Utkoman er þó það óviss og niðurstöður geta verið nothæfar í bleikjurækt annars staðar, að sé veiðifélagið jákvætt væri eðlilegt að sækja um styrk t.d. í Framleiðnisjóð

Eg legg til að vorið 1991 verði sleppt um 6000 laxaseiðum af 5-6 cm stærð í Laxá. Þar af verði 5000 seiðum sleppt á grytt brot á kafla sem byrjar um 1 km fyrir framan Njálsstaði og niður undir Þjóðvegsbrú. Um 1000 seiðum verði sleppt í Norðurá, fyrir framan Þverá, einu seiði á hverja 2-3 lengdarmetra.

Mikilvægt er að reyna að safna góðum hreistursýnum af veiðinni næsta sumar og ég hvet veiðifélagið eindregið til að íhuga alvarlega hvort ekki skuli gera tilraun með sjóbleikjrækt á vatnsvæðinu.

Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða á 100 m<sup>2</sup> í Laxá í Refasveit 18 og 31 ágúst 1990.


Stöð nr	Stærð m <sup>2</sup>	Fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100 m <sup>2</sup>	0+	1+	2+	3+/4+
4	30x10	5.3	2.0	1.3	—	—
5	50x12	1.8	5.5	1.3	—	—
5b	40x10	1.0	—	3.5	0.7	—
7	55x8	—	1.4	2.5	0.9	—
8	40x15	—	—	1.0	1.4	—
9a	50x12	—	0.2	1.7	0.5	—
12	20x15	1.7	4.3	8.3	—	—
14	40x8	—	2.8	—	—	—
15b	40x10	—	0.5	2.2	2.5	—
17	40x13	—	0.8	1.2	2.0	—

Tafla 2. Niðurstöður aldursgreiningar hreistursyna af löxum úr Laxá í Refasveit sumarið 1990.


Ar í ferskv	Ar í sjó			
	1 fj	%	2 fj	%
2	4	20	4	33
3	5	25	8	67
4	5	25	—	—
sloppinn úr eldi	6	30	—	—
Samtals	20	100	12	100

Auk þess 2 syni af smálöxum ónyt og 1 syni af stórlaxi ólæsilegt.

wp  
laxa.ref



Mynd 1. Rafveiðistaðir í Laxá í Refasveit 18 og 31 ágúst 1990.



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá í Refasveit 18 og 31 ágúst 1990. Eftir veiðistað.